



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. maí 2022.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (dvalar- og atvinnuleyfi), þskj. 839, 597. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Gerir skrifstofan engar athugasemdir við efni frumvarpsins. Rauði krossinn gerir engar athugasemdir við efni frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002 sem lagt var fram á 152. löggjafarþingi (þskj. 695, 482. mál) en telur til bóta ef frumvarpið fæli í sér undanþágu frá kröfu um tímabundið atvinnuleyfi hér á landi fyrir þá umsækjendur um alþjóðlega vernd sem fá dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða á grundvelli sérstakra tengsla við landið. Telur Rauði krossinn að slík ákvæði yrðu til bóta fyrir dvalarleyfishafa í þeirri stöðu en hingað til hafa einungis þeir sem fengið hafa dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar samkvæmt lögum um útlendinga nr. 80/2016 verið undanþegnir kröfu um tímabundið atvinnuleyfi hér á landi. Samkvæmt núgildandi lögum þarf handhafi dvalarleyfis á grundvelli mannúðarsjónarmiða að sækja um atvinnuleyfi með sérstakri umsókn ef viðkomandi ætlar að stunda vinnu hér á landi. Leggur Rauði krossinn til að orðin „dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða“ og „dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið“ í a-lið 1. mgr. 11. gr. laganna falli brott. Þá verði orðin „tímabundið atvinnuleyfi sem tengist dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið skv. 11. gr. laganna“ sem finna má í 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. felld brott og á eftir orðunum „alþjóðlegrar verndar“ komi orðin „mannúðarsjónarmiða eða sérstakra tengsla við landið“. Jafnframt leggur Rauði krossinn til að tveir stafliðir bætist við 1. mgr. 22. gr. laganna sem verði svohljóðandi: g. Útlendingar sem hafa fengið dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða samkvæmt lögum um útlendinga. h. Útlendingar sem hafa fengið dvalarleyfi á grundvelli sérstakra tengsla við landið samkvæmt lögum um útlendinga. Að öðru leyti telur félagið ekki ástæðu til umsagnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri

